

**Nd.**

**591. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá Hjeðni Valdimarssyni.

1. Við 14. gr.
  - a. Nýr liður á eftir 2. tölul.:

Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
  - b. Nýr liður á eftir 7. tölul.:

Að annast að öðru leyti öll nauðsynleg bankastörf, sem ekki binda fje bankans sem seðlabanka um of.
2. Við 21. gr.

Í staðinn fyrir orðin í 4. málslíð: »sem ráðherra skipar eftir tillög-  
um bankaráðsins« komi:  
sem neðri deild Alþingis kys með hlutfallskosningu til 3 ára í senn.
3. Við 34. gr.
  1. málsgrein orðist svo:

Neðri deild Alþingis kys 5 bankaráðsmenn, ásamt jafnmörgum vara-  
mönnum, til 3 ára í senn, og kys bankaráðið sjálft formann sinn til sama  
tíma. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.

4. Við 55. gr.

Í staðinn fyrir 2 fyrstu málslíðina komi:

Kosning í bankaráð fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928.

5. Við 66. gr.

Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1928.